

**Nd.**

### **313. Frumvarp til laga**

um hafnargerð í Stykkishólmi.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar í Stykkishólmi í Snæfellsnessýslu, samkv. áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt,  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund krónur — gegn  $\frac{3}{4}$  hlutum frá hafnarsjóði Stykkishólmsþrepps.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 120000.00 — eitt hundrað og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Stykkishólms kann að taka, gegn ábyrgð Stykkishólmsþrepps og sýslusjóðs Snæfellsnessýslu, en þó aldrei meira en  $\frac{2}{5}$  kostnaðar við hafnargerðina. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Stykkishólms.

4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Stykkishólms. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Stykkishólms.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Stykkishólms. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal

beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

#### 6. gr.

Hreppsnefnd Stykkishólms fer með stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

#### 7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa þrjú menn, kosnir af hreppsnefnd Stykkishólms. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu tvö árin eftir hlutkesti.

#### 8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

#### 9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

#### 10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Stykkishólmshöfn, og farmi þeirra:
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Allt að 2% af magni afla skipa og báta, sem heima eiga í kaupúninu, svo og allra þeirra skipa og báta, er leggja þar afla á land.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Stykkishólms semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2. a., b. og c.

#### 11. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin,

með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr., má taka lögtaki.

12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

14. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætlunum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess, að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum hreppsnefndar Stykkishólms og samkvæmt einróma áskorun þingmálafundar, sem haldinn var í Stykkishólmi 2. þ. m.

Í Stykkishólmi er nú hafskipabryggja úr timbri. Hún er nú yfir 30 ára gömul og orðin mjög feyskin. Er því nauðsynlegt að endurbbyggja hana, og jafnframt er brýn nauðsyn að gera sérstaka bryggju fyrir smábáta. Um nauðsyn þessa verks vil ég vísa til bréfs frá oddvita Stykkishólms; þar segir svo m. a.:

„Endurbýgging hafnarmannvirkjanna er knýjandi nauðsyn af þeim ástæðum, sem hér greinir:

1. Bólverkið frá landi og fram í Stykkið hvílir að nokkru leyti á steiptum stöplum, en að nokkru á tréstólpum. Burðartrén undir dekkinu eru nú 30 ára gömul; eru þau því orðin mjög feyskin. Tréstólparnir étast að neðan af einhverri átu, sem hér er í sjónum, og eru því nær ónýtir, dekkið er úr 2 tommu plönkum, og reynast þeir ónýtir, þar sem öll upp- og útskipun fer nú orðið fram á bilum. Af þessu leiðir, að viðhaldið er afardýrt, þar sem þetta er alltaf að bila. Einnig er steinstöpull, sem bólverkið hvílir á frammi í Stykkinu, að verða ónýtur, þar sem þriðji hluti hans er nú þegar hruninn.
2. Bólverkshausinn, sem skipin leggjast að, var endurbyggður 1922, þar sem hinn upprunalegi haus eyðilagðist af átu og í frostunum miklu 1916—17, en hann er nú þegar orðinn svo étinn, að hann getur ekki staðið nema nokkur ár. Hann var líka, er hann var endurbyggður, settur skakkt niður af byggingarmeistararum, og þarf því að breyta legu hans. Við það vinnst meira pláss fyrir skip á höfninni — og fylla upp frá Stykkinu fram að hausnum — við það sparast mikið útlent efni.
3. Hreppsnefnd og hafnarnefnd hafa orðið ásáttar um að fylla upp Stykkið að austan og norðanverðu til að vinna þar pláss, einnig til að fá þar bryggju fyrir báta frá 8 tonnum og upp, sem stunda héðan veiðar eða leggja hér upp fisk, og er þetta sérstaklega nauðsynlegt, þar sem það er aðallífsskilyrði fyrir kaптúnið, að hér aukist útgerð, og hafa menn mikinn áhuga fyrir því, ef hægt er að bæta aðstöðu þeirra við losun.

Af ofangreindum ástæðum er það knýjandi nauðsyn að ráðast í endurbygginguna og hefjast handa nú þegar, þó verkið verði að sjálfsögðu ekki unnið nema á nokkrum árum, eftir því sem fé er fyrir hendi. Það, sem mest liggur á, er að endurbyggja bólverkið fram í Stykkið, og hefir nefndin í samráði við verkfræðing frá vitamálskrifstofunni, sem hér kom í vor, samþykkt að láta steypa dekkið og stöpla í stað tréstólpanna á þeirri leið. Þetta kostar að sjálfsögðu mikið fé, en þetta verk þyrftum við að geta unnið á næsta sumri, því á þessum parti er bólverkið ónýttast.

Ég vil því hér með fyrir hönd hreppsnefndarinnar biðja yður, hr. alþingismaður, að flytja á næsta Alþingi frumvarp um, að Stykkishólmshöfn fái hafnarlög eins og aðrar hafnir, sem þegar hafa fengið þau, og að í næstu fjárlögum verði tekin upp styrkveiting til hafnarinnar. Endurbyggingin fer að sjálfsögðu fram eftir tillögum vitamálastjórnar og undir eftirliti hennar.

Vér viljum taka það fram, að Stykkishólmshöfn er tvímælalaust ein með allra beztu höfnum á landinu, því með góðum hafnarmannvirkjum kemur ekki það veður, að skipum sé nokkur hætta búin á henni. Hún er einnig aðalhöfnin hér að norðanverðu við Snæfellsnesið, og hér er hægt að leggja upp vörur fyrir allan Breiðafjörð, þó hvergi sé fært annarstaðar. Einnig mun hún verða aðalútflutningshöfnin fyrir sveitirnar sunnanfjalls, þegar vegasamband er komið yfir Kerlingarskarð. Stykkishólmur hefir verið og mun verða miðstöð Breiðafjarðar hvað út- og innflutning á vörum snertir.“

Vitamálastjóri hefir látið fara fram rannsókn á þessu máli og komið að þeirri niðurstöðu, að kostnaður við öll hafnarvirkin geti hæst orðið um 300 þús. krónur. En tilgangur hreppsnefndar er sá, að mannvirki þessi verði unnin smám saman, eftir því sem fé verður veitt til í fjárlögum og geta hreppsins leyfir.

Frv. þetta gerir ráð fyrir samskonar stuðningi Alþingis við hafnargerðina og veittur hefir verið öðrum hreppsfélögum á undanförunum árum.